



2. fundur stjórnar Aftureldingar 27. apríl 2011

Fundur settur kl. 17:15 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Kristín Reynisdóttir og Sævar Kristinsson. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Nefndir: Laganefnd, siðanefnd og jafnréttishópur
2. Upplýsingavefur, staða
3. Samningar við Mosfellsbæ
4. Skrifstofa/félagsaðstaða
5. Málefni fimleikadeildar - aðstaða
6. Íþróttastjóri
7. Fundir með deildum v. fjármál og aðstöðu
8. Aftureldingardagurinn
9. Formannafundur
10. Verkefni næstu mánuði
11. Önnur mál

1. Nefndir: Laganefnd, siðanefnd og jafnréttishópur

Jafnréttisstefnan ásamt aðgerðaáætlun sem aðalstjórn samþykkti í desember 2010 verður lögð fram til samþykktar á næsta formannafundi. Jafnréttishópin skipa Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson. Ákveðið að leggja fram tillögu að breytingu á reglugerð um siðanefnd á næsta formannafundi. Aðalstjórn telur nauðsynlegt að endurskoða lög félagsins og ákvað að leggja til við formannafund að stofnuð verði laganefnd.

2. Upplýsingavefur, staða

Upplýsingavefurinn verður brátt tilbúinn til notkunar. Haldið verður námskeið/kynning fyrir umsjónarmenn frá deildum en óskað verður eftir því að deildirnar tilnefni einn aðila hver sem verður ábyrgðarmaður vefvinnu deildarinnar. Verkefnið verður kynnt á formannafundi.

3. Samningar við Mosfellsbæ

Samningar bíða undirskriftar bæjaryfirvalda. Allar upphæðir eru klárar, þær sömu og lágu fyrir á fyrri aðalfundi félagsins 31. mars. síðastliðinn.

4. Skrifstofa/félagsaðstaða

Bæjarstjóri hafði úthlutað Aftureldingu salnum uppi yfir anddyri íþróttahússins sem vinnuaðstöðu starfsmanna félagsins og félagsaðstöðu. Einhver misskilningur virðist í gangi um þá úthlutun og ýmsir aðilar komnir með starfsemi þar inn þrátt fyrir vilýrði bæjaryfirvalda. Formaður ræðir málið við bæjarstjóra.

5. Málefni fimleikadeildar - aðstaða

Verið er að leita leiða til að bæta aðstöðu fimleikadeildar, m.a. húsnæði úti í bæ. Það mál skýrist í næstu viku.

6. Íþróttastjóri Aftureldingar

Samkvæmt stefnumótun Aftureldingar er rík áhersla á að ráðinn verði í íþróttastjóri til að efla faglegt starf og auka samstarf og samfellu í faglegu starfi félagsins. Viðræður standa yfir við bæinn um möguleika á að stofna stöðu íþróttastjóra sem aðalstjórn telur mjög mikilvægt að ráðið verði í hið allra fyrsta.

7. Fundur með deildum um fjármál og aðstöðu

Framkvæmdastjóri mun hafa samband við formenn deilda og óska eftir að fá tilkynningu um næstu stjórnarfundu. Fulltrúar úr aðalstjórn óska eftir að fá að mæta til að ræða þarfir og óskir deildanna hvað varðar aðstöðu og fjárhagsstöðu þeirra. Rætt nánar á formannafundi.

8. Aftureldingardagurinn

Hugmynd um að efla samheldni og félagsanda með því að deildir taki sig saman ásamt aðalstjórn og mæti á laugardagsmorgni og þrifi og taki til í þeirri aðstöðu sem deildirnar hafa í íþróttahúsinu. Enda með grilli um hádegisbil eða byrja á morgunverði. Ráðgerð dagsetning er 14. maí. Verður rætt á formannafundi.

9. Formannafundur

Fyrsti formannafundur eftir aðalfund verður haldinn **þriðjudag 3. maí kl. 17:15**. Á dagskrá verður m.a. upplýsingavefur, siða-, laga- og jafnréttisnefnd, fundir með deildum, Aftureldingardagurinn 14. maí, íþróttastjóri, samningar við bæinn, starfs- og félagsaðstaða starfsmanna Aftureldingar, ýmsir samningar.

10. Verkefni næstu mánuði

Vinnufundur aðalstjórnar verður haldinn sunnudagsmorguninn 15.maí og hefst kl. 9. Starfið skipulagt næstu mánuði.

11. Önnur mál

Rætt um bílaleigusamninga og ítrekað að allir samningar fari í gegnum framkvæmdastjóra.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 11. maí kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 19:02

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar